

59

12. maí

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 4. maí 1956 var undirritað í Stokkhólmi samkomulag um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar á tímabilinu 1. apríl 1956 til 31. marz 1957. Er það gert á grundvelli viðskiptasamnings landanna frá 19. júní 1947 (Stj.tið. A 99/1947).

Sænsk stjórnarvöld munu leyfa innflutning á saltsild, kryddsild og sykursaltaðri sild frá Íslandi á samningstímanum og innflutningur á öðrum íslenskum afurðum verður leyfður á sama hátt og áður hefur tíðkazt. Innflutningur sænskra vara verður leyfður á Íslandi með tilliti til þess hversu útflutningur verður mikill á íslenskum vörum til Svíþjóðar og með hliðsjón af venjulegum útflutningshagsmunum Svíþjóðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 12. maí 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.